



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 20. janúar 2025  
25011055/100.06 PþM

Efni: Framlenging á yfirdráttarheimild

Þann 3. febrúar n.k. fellur yfirdráttarheimild Kópavogsbæjar hjá Íslandsbanka úr gildi. Framlenging á yfirdráttarheimild er í eðli sínu viðauki við lánssamning og þarf samþykki bæjarstjórnar til breytinga á viðkomandi lánssamningi. Er því óskað eftir að bæjarstjórn veiti þeim sem vísað er til í bókun hér að neðan umboð til að framlengja tilvitnaðri lánalínu til eins árs með óbreyttri fjárhæð og heimild til framlengingar tvisvar sinnum til árs í senn.

Tillaga að afgreiðslu bæjarstjórnar:

*„Bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkir að Kópavogsbær geri samning við Íslandsbanka hf. um yfirdráttarheimild á veltureikningi („yfirdráttarlán“) með hámarksfjárhæð 1.600.000.000 kr.*

*Yfirdráttarheimildin skal í upphafi gilda til eins árs. Gerður verður viðauki við núgildandi samning um yfirdráttarheimild á veltureikningi þar sem gildistíminn er framlengdur.*

*Heimilt er að framlengja gildistímann tvisvar sinnum til viðbótar, með viðauka um framlengingu á gildistíma um eitt ár, þannig að gildistíminn verði til allt að þriggja ára.*

*Bæjarstjórn veitir Ásdísi Kristjánsdóttur, kt. 280978-3459, Kristínu Egilsdóttur, kt. 030268-5989 og/eða Ingólfi Arnarsyni, kt. 050656-3149, hverju um sig eða öllum saman, umboð til að semja um og undirrita, allt að þrisvar sinnum, viðauka þar sem gildistíminn er framlengdur um eitt ár í senn.,,*

Virðingarfyllst,

---

Ingólfur Arnarson  
Fjármálastjóri

